

Iceland

Upplýsingaöryggi



## Vírinn

### 14. tbl. 3. árgangur 2013

Kæri viðtakandi,

#### Hlekkir

[Upplýsingaöryggissíða Deloitte](#)

#### Tengiliðir

[Úlfar Andri Jónasson](#)

Kerfisfræðingur | ERS

[ulfar@deloitte.is](mailto:ulfar@deloitte.is)

+ 354 580 3322

[Rey LeClerc Sveinsson](#)

Liðstjóri | ERS

[rey@deloitte.is](mailto:rey@deloitte.is)

+ 354 580 3306

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírinn er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

### Öryggisgalli í iOS 7 gefur aðgang í myndasafn iPhone og iPad

**Galli í iOS 7 veldur því að hægt er að komast fram hjá læsingarkóðanum og komast í myndir á símanum eða spjaldtölvunni.**

Öryggisfræðingar hafa komist að því að hægt er að komast fram hjá læsingarkóða Apple iOS 7 tækja og komast þannig t.d. í myndasöfn þeirra tækja sem keyra iOS 7. Ekki hefur verið gefin út lagfæring ennþá en samkvæmt tilkynningu frá Apple mun það verða gert innan bráðar. Með því að smella á meira hér að neðan er hægt að komast á youtube slóð sem sýnir þennan galla og hefur Deloitte staðfest að þessi galli er til staðar á iPhone síma sem keyrir á iOS 7.

[Meira ▶](#)

[Galli í öllum útgáfum Internet Explorer](#)

### Allar útgáfur Internet Explorer innihalda galla sem gefur ársaraðila möguleika á að ná stjórn á vafranum og jafnvel tölvunni sjálfri.

Microsoft hefur gefið það út að verið sé að rannsaka galla í Internet Explorer sem hefur áhrif á allar útgáfur IE. Ekki hefur verið gefinn út endanleg lagfæring á þessum galla en búið er að gefa út tímabundna lagfæringu á 32ja bita útgáfu IE. Vandamálið við að gefa út tímabundnar lagfæringar er að þá geta tölvuprjótar skoðað lagfæringuna, séð hvað er verið að lagfæra og mögulega nýtt sér það við að búa til t.d. vírusa.

[Meira ▶](#)

### Tölvuinnbrot í Virginia Tech háskólanum

#### Trúnaðargögnum um 145.000 starfsumsækjendur stolið.

Í tilkynningu frá Virginia Tech háskólanum í Bandaríkjunum kemur fram að vegna mannglegra mistaka komust tölvuprjótar yfir trúnaðarupplýsingar sem varða um 145.000 einstaklinga sem sótt hafa um starf hjá háskólanum. Gögnin sem um ræðir eru meðal annars nöfn, heimilisföng, fyrri störf og fyrri vinnuveitendur. Einnig komust tölvuprjótarnir yfir gögn um 16.650 einstaklinga sem innihéldu ökuskírteinisnúmer sem í Virginíu ríki eru flokkuð í sama flokk og viðkvæmar fjárhagsupplýsingar.

[Meira ▶](#)

### Erfiðara er að brjóta upp svokölluð myndalykilorð

#### Lykilorð þar sem snerta þarf ákveðna staði eða draga línur á milli punkta eru öruggari samkvæmt öryggissérfræðingum.

Samkvæmt öryggissérfræðingum eru lykilorð þar sem að snerta þarf ákveðna staði eða teikna þarf mynd ofan á aðra mynd mun öruggari heldur en hefðbundin lykilorð. Ef að teikningin er t.d. beint strik milli tveggja punkta er teikningin ekki talin öruggt lykilorð en hinsvegar ef að búið er að setja beygju í strikið og jafnvel búið að fara á nokkra staði á skjánum eykst öryggisstigið til muna.

[Meira ▶](#)

Endilega hafið samband við undirritaða (tengiliðir hér til hliðar) ef þið hafið spurningar eða frekari áhuga á efninu.

#### Viðtakendur eru hvattir til að áframsenda Vírinn á áhugasama

Kveðja,

Áhættuþjónusta Deloitte / Ritnefnd  
[Virinn@deloitte.is](mailto:Virinn@deloitte.is)

Smáratorg 3  
201 Kópavogur  
Iceland

© 2013 Deloitte ehf.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

 [Deloitte RSS feeds](#)

[Afskráning](#)